

Fimmtudaginn 12. febrúar 1998.

Nr. 177/1997.

**Hvamsfell ehf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Sæbirni Sigurðssyni**

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

**og gagnsök**

Vinnusamningur. Sjómenn. Laun í veikindaforföllum. Uppsögn. Gjafsókn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1997. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 5. maí 1997. Krefst gagnáfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en málskostnað, og verði aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 21. nóvember 1997.

### **I.**

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að gagnáfrýjandi hafi orðið óvinnufar af völdum átaka, sem hann lenti í við annan skipverja um borð í Sandafelli, HF-82, er skipið var í veiðiferð, 7. mars 1996. Læknisvottorð, sem gefin hafi verið út nokkrum vikum síðar, veiti enga sönnun um þetta. Hann hafi ekki komið til skips eftir 8. mars 1996 og verið sagt upp starfi á skipinu 15. sama mánaðar. Uppsögnin hafi því verið lögmæt.

Í héraðsdómi er getið þeirra læknisfræðilegu gagna, sem nýtur í málinu. Meðal þeirra eru tvö vottorð Konráðs Sigurðssonar læknis 12. apríl 1996 og 30. maí sama árs, en fyrir dómi kvaðst lækningarnar hafa skaðað gagnáfrýjanda báða fyrirnefnda daga og talið, að hann

hafi þá verið óvinnufær. Í fyrra skiptið hafi hann verið með hálskraga og átt erfitt með hreyfingar í hálsi. Stefán Carlsson læknir gaf einnig skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa fyrst skoðað gagnáfrýjanda 27. mars 1996 og talið hann þá vera ófæran til vinnu á sjó vegna vöðvatognunar í hálsi. Síðan hafi hann skoðað gagnáfrýjanda 24. apríl og 28. ágúst 1996. Taldi læknirinn, að gagnáfrýjandi hefði verið óvinnufær frá 7. mars til 30. apríl 1996. Þá liggur einnig fyrir skjal frá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur frá því skömmu eftir miðnætti 9. mars 1996 og hefur að geyma upplýsingar úr bráða-sjúkraskrá. Segir þar meðal annars, að gagnáfrýjandi hafi lent í áflogum degi áður, þar sem skipsfélagi hans hafi tekið hann hálstaki og snúið upp á. Hann sé aumur og geti lítið horft til hliðar. Því áleti er lýst, að um sé að ræða tognun í hálsi og að gagnáfrýjandi skuli vera með hálskraga.

Vitni að fyrrnefndum áflogum staðfesta, að skipverji hafi tekið gagnáfrýjanda hálstaki. Að öllu framangreindu virtu telst nægilega sannað, að einkenni í hálsi gagnáfrýjanda verði rakin til áfloganna og að hann hafi af þeim sökum orðið óvinnufær.

Skipstjórinn á skipi aðaláfrýjanda hefur borið, að hann hafi, áður en til uppsagnar kom, krafist þess, að gagnáfrýjandi leitaði læknis og gæfi svör um, hvenær hans væri að vænta um borð að nýju. Lítil viðbrögð hafi fengist við því. Telur aðaláfrýjandi, að með því hafi gagnáfrýjandi óhlýðnast fyrirmælum skipstjóra. Er bent á, að í bréfi aðaláfrýjanda 3. apríl 1996 til lögmanns gagnáfrýjanda segi, að ástæða uppsagnar hafi verið samstarfsörðugleikar, sem gagnáfrýjandi hafi átt í við aðra skipverja. Þetta vísi meðal annars til óhlýðni hans við að leita læknis og þá jafnframt að framvísa læknisvottorði. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var um þetta atriði vísað til 2. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. og 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Fallist er á með héraðsdómi, að skylda til að framvísa læknisvottorði stofnist við, að þess er óskað, sbr. 5. mgr. 36. gr. sjómannalaga, og að ákvæði í kjarasamningi, er gagnáfrýjandi tók laun eftir, verði skýrð í samræmi við það. Skipstjóri hefur ekki haldið fram, að hann hafi kafið gagnáfrýjanda um læknisvottorð, áður en honum var sagt upp starfi. Verður ekki heldur fallist á með aðaláfrýjanda, að tafir á, að gagnáfrýjandi leitaði læknis, feli í sér slík afglöp, sem get-

ur í hinum tilvitnuðum greinum sjómannalaga, að leitt geti til þess, að réttur til veikindakaups falli niður við uppsögn þá, sem fylgdi í kjölfarið.

## II.

Til stuðnings kröfu um sýknu vísar aðaláfrýjandi í annan stað til þess, að jafnvel þótt sannað teldist, að gagnáfrýjandi hefði verið óvinnufær eftir átökin um borð í Sandafelli, eigi hann samt ekki rétt til launa í veikindum. Er því haldið fram, að hann hafi sjálfur valdið því með áflogunum, að hann varð óvinnufær. Verði háttsemi hans talin stórfellt gáleysi í merkingu 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga og óhlýðni samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. sömu laga, en samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum eigi hann þá ekki rétt til launa, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna.

Af lýsingu vitna er ljóst, að gagnáfrýjandi stofnaði til illinda við skipsfélaga sinn, á meðan þeir stóðu í aðgerð á þilfari. Vitnum ber hins vegar ekki saman um, hvor þeirra kastaði fyrst fiski að hinum, eða um athafnir þeirra í kjölfarið, áður en þeir tókust á. Verður ekki slegið föstu, að gagnáfrýjandi hafi einn átt alla sök á því, hvernig fór. Hið sama gildir um stimpingar, sem áður urðu eitt sinn milli sömu manna um borð í skipinu.

Til stuðnings þessari málsástæðu hefur aðaláfrýjandi einnig vísað til framburðar nokkurra skipverja um, að gagnáfrýjandi hafi verið erfiður í samstarfi og uppstökkur og að ekki hafi verið spurning um, hvort, heldur hvenær hann lenti í áflogum við einhvern þeirra. Þá hafi hann að minnsta kosti einu sinni verið staðinn að því að hafa hass undir höndum um borð og verið grunaður um neyslu þess þar.

Gagnáfrýjandi var í skipprúmi hjá aðaláfrýjanda á fyrrnefndu skipi í rúmlega eitt og hálft ár. Allan þann tíma virðist háttsemi hans þó ekki hafa gefið aðaláfrýjanda tilefni til að vara hann við um, að hún kynni að kosta hann starfið, yrði ekki ráðin bót á. Að virtum öllum málavöxtum verður ekki talið nægilega sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi með háttsemi sinni firrt sig rétti til launa í veikindum á grundvelli þeirra ákvæða í sjómannalögum, sem aðaláfrýjandi vísar til. Verður ekki fallist á þessa málsástæðu aðaláfrýjanda fyrir sýknu-kröfu.

Samkvæmt öllu framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur stað-

festur um annað en málskostnað, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Hvammsfell ehf., greiði gagnáfrýjanda, Sæbirni Sigurðssyni, 150.000 krónur í málskostnað í héraði.

Aðaláfrýjandi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 100.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. mars 1997.**

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar 1997, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness af Sæbirni Sigurðssyni, kt. 250356-5799, Asparfelli 12, Reykjavík, gegn Hvammsfelli ehf., kt. 560283-0409, Eyrartröð 2, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 27. nóvember 1996.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 698.809 kr. auk vanskilavaxta frá 24. apríl 1996 til greiðsludags samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að teknu tilliti til þess, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Enn fremur er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í mb. Sandafelli, HF-82, sknr. 1812, fyrir framangreindum kröfum.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

#### II.

Málsatvik eru þau, að stefnandi var matsveinn á mb. Sandafelli, HF-82, sem stefndi gerir út til fiskveiða. Hinn 7. mars 1996 lenti stefnandi í átökum við Kristín Helga Eiríksson stýrimann. Stefnandi kom til skips morguninn

eftir, en gat ekki unnið þann dag vegna eymsla í hálsi. Kom stefnandi ekki frekar til starfa um borð í Sandafelli, HF-82. Var honum sagt upp störfum 15. mars s. á.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi auk stefnanda sjálfs Konráð Sigurðsson læknir, Finnbogi Ingi Ólafsson skipstjóri, Kristinn Helgi Eiríksson stýrimaður og Stefán Carlsson læknir.

Kristinn Helgi Eiríksson stýrimaður lýsti upptökum handalögmálanna 7. mars 1996 þannig, að hann hefði sagt stefnanda að hætta „að halda mönnum á kjaftatörn og fara að gera að“. Hafi stefnandi þá byrjað að svívirða sig með öllum tiltækum ráðum og reynt að æsa sig upp. Hafi stefnandi hent í sig kola og hann þá stokkið upp á aðgerðarborðið fyrir framan hann. Hafi þá stefnandi reynt að slá sig, þar sem hann hefði staðið, en hann þá stokkið á stefnanda og tekið með annarri hendi yfir öxl honum, en hinni undir handarkrika og haldið vinstri hendi stefnanda.

Finnbogi Ingi Ólafsson skipstjóri lýsir umræddu atviki svo í skýrslu sinni, að hann hafi verið uppi í brú mb. Sandafells, HF-82, þegar hann hafi orðið var við rifrildi manna niðri á dekki. Hafi hann séð, að Kristinn Helgi henti kola í átt að stefnanda. Stefnandi hafi þá hent kola til baka í Kristin Helga, sem hafi við það stokkið upp á aðgerðarborðið og ráðist á stefnanda. Stefnandi hafi reynt að slá til hans, þegar hann var uppi á borðinu. Síðan hafi þeir ást við, Kristinn Helgi og stefnandi, í stutta stund, þar til „netamaðurinn“ hafi stöðvað þá. Stefnandi hafi ekki kvartað um meiðsli þann dag. Farið hafi verið í land um kvöldið í Sandgerði, eins og gert var ráð fyrir. Í símtali við stefnanda þá seint um kvöldið hafi stefnandi ekki kvartað um meiðsli.

Finnbogi Ingi sagði, að næsta morgun, þegar hann kom um borð í mb. Sandafell, hafi stefnandi kvartað um hálsmeiðsli og verið í koju allan þann dag óvinnufær. Hafi hann þess vegna beint því til stefnanda að fara til læknis og láta sig vita. Í símasamtali þá um kvöldið hafi stefnandi sagst ætla að fara til læknis daginn eftir, þ. e. 9. mars 1996. Stefnandi hafi ekki haft samband við sig þann dag og ekki fyrr en um kl. 11.00 að kvöldi 10. mars s. á., þegar skipstjóri hafði náð sambandi við stefnanda eftir ítrekaðar tilraunir. Þá hafi stefnandi tjáð sér, að hann hefði farið til læknis, og sagst eiga að fara í myndatöku nk. miðvikudag, þ. e. 13. mars s. á. Hann hafi beðið stefnanda að láta sig vita, en ekkert heyrst frá stefnanda þar til föstudaginn 15. mars s. á., þegar skipstjóri hafi náð sambandi við stefnanda. Þá hafi stefnandi tjáð honum, að hann myndi fara í myndatöku nk. miðvikudag, þ. e. 20. mars s. á.

Í framangreindu símasamtali 15. mars hafi hann sagt stefnanda upp störfum. Spurður um, hvaða ástæður hann hefði tilgreint í samtali sínu við stefn-

anda, sagðist hann hafa tjáð stefnanda, að mannskapurinn um borð vildi ekki, að hann kæmi aftur til starfa. Samkvæmt skýrslum Kristins Helga Eiríkssonar og Finnboga Inga Ólafssonar hafi stefnandi frá upphafi átt í miklum samstarfsörðugleikum við aðra skipverja. Hann hafi einu sinni áður lent í áflogum og legið undir grun um að reykja hass um borð.

Í skýrslu Konráðs Sigurðssonar lækni kom fram, að stefnandi hefði fyrst leitað til hans 12. apríl 1996. Læknisvottorð hefði verið gefið út sama dag. Vottorðið hefði stuðst við skoðun á stefnanda þann dag og „áverkavottorð“, út gefið á slysadeild Borgarspítalans, dags. 9. mars s. á. Það hafi verið mat hans, að stefnandi væri ekki fær um að sinna sjómannsstörfum.

Í skýrslu Stefáns Carlssonar lækni kom fram, að stefnandi hefði fyrst leitað á slysadeild Borgarspítalans 9. mars 1996. Hann hafi fyrst séð og skoðað stefnanda 27. mars s. á. Þá hafi hann ekki verið vinnufær að hans mati. Stefnandi hafi aftur komið til hans 24. apríl s. á. og 28. ágúst s. á. Stefnandi hafi verið útskrifaður 24. apríl s. á., og þá hafi ekki verið talin þörf á því, að hann kæmi aftur í skoðun.

### III.

Stefnandi reisir málaltilbúnað sinn á því, að hann eigi rétt á launum í veikindum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Sér hafi að vísu verið sagt upp störfum, áður en sá tími var liðinn, en ljóst sé, að stefndi geti ekki takmarkað skyldur sínar til greiðslu staðgengilslauna í veikindum með því að segja stefnanda upp störfum, enda væri þá harla lítið eftir af veikindalaunaréttinum. Stefnandi styður kröfu sína um staðfestingu sjóveðsréttar í Sandafelli, HF-82, við 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 201. gr. sömu laga. Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og einnig til þess, að tilurð málsins séu vanefndir stefnda á greiðsluskyldu sinni.

Varnir stefnda eru tvíþættar. Meginmálsástæða stefnda er, að ósannað sé með öllu, að stefnandi hafi verið óvinnufær, þegar hann hvarf úr skiprúmi 8. mars 1996, en stefndi mótmælir fram lögðum læknisvottorðum sem röngum. Þau hafi verið gefin þannig út, að þau nái bæði fram og aftur í tímann miðað við útgáfu þeirra. Hvergi komi fram, að hlutaðeigandi læknir hafi skoðað stefnanda. Útgáfa læknisvottorðanna brjóti í bága við 11. gr. lækna-laga nr. 53/1988, sbr. 3. gr. og 4. gr. reglna um gerð og útgáfu læknisvottorða. Alger forsenda fyrir greiðslu slysakaups sé, að skipverji sýni fram á, að hann sé óvinnufær. Framangreind læknisvottorð séu marklaus og að engu hafandi. Því beri að sýkna stefnda af þessari ástæðu.

Í annan stað reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að þótt stefnanda tækist

að sýna fram á óvinnufærni, hefði réttur til slysabóta fallið niður við uppsögn hans. Stefnandi vísar til 3. mgr. 24. gr. sjómannalaga þessu til stuðnings, sbr. 2. og 3. tl. ákvæðisins. Stefnandi hafi margsinnis brotið gegn hlýðniskyldu sinni með því að virða að vettugi fyrirmæli skipstjóra um að fara til læknis, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 33. gr., sbr. 49. gr. og 2. mgr. og 3. mgr. 58. gr. sjómannalaga. Jafnframt vísar stefndi til grunnreglna vinnuréttar um hlýðniskyldu launþega við lögmætum fyrirmælum og til 1.21. gr. kjarasamnings LÍÚ og SSÍ um tilkynningarskyldu skipverja. Einnig bendir stefndi á, að skortur á samstarfsvilja stefnanda hafi einn og sér verið gild brottrekstrarsök. Þá áréttar stefndi, að stefnandi hafi átt upptökin að ætlaðri óvinnufærni vegna áfloga, sem hann stofnaði til 7. mars 1996.

#### IV.

Í máli þessu er deilt um rétt stefnanda til veikindalauna tímabilið 7. mars 1996 til 30. apríl s. á. vegna óvinnufærni. Stefnandi reisir mótmæli sín á því, að annars vegar hafi ekki verið sýnt fram á óvinnufærni stefnanda á tímabilinu, hins vegar hafi réttur stefnanda til veikindalauna fallið niður við fyrirvaralausar uppsögn stefnanda 15. mars s. á. Ekki er deilt um fjárhæðir veikindalauna.

Í málinu liggur fyrir, að stefnandi taldi sig óvinnufæran 8. mars 1996 vegna hálsmeiðsla og vann ekki venjuleg störf sín um borð í mb. Sandafelli, HF-82, þann dag. Þá þykir komið fram, að skipstjóri mb. Sandafells áréttaði skyldu stefnanda um að leita læknis svo fljótt sem verða mætti, eigi síðar en þegar komið var í land milli kl. 6 og 7 að kvöldi sama dags. Með endurriti úr bráðasjúkraskrá Borgarspítalans þykir sannað, að stefnandi hafi leitað til læknis laust eftir miðnætti þá um nóttina, kl. 00.04 9. mars 1996, eins og endurritið ber með sér. Þykir stefnandi með þessu hafa fullnægt skyldum sínum gagnvart stefnda um að leita til læknis svo fljótt sem verða mátti í samræmi við fyrirmæli laga og kjarasamninga.

Í framangreindu vottorði frá bráðadeild Borgarspítalans kemur fram það álit, að stefnandi hafi verið með tognun á hálsi, en ekki er þar vottað um vinnufærni. Samkvæmt skýrslu Stefáns Carlssonar læknis var stefnandi að hans áliti óvinnufær vegna hálsmeiðsla eftir skoðun á stefnanda 27. mars s. á. Að áliti Konráðs Sigurðssonar læknis var stefnandi óvinnufær af sömu ástæðu eftir skoðun hans 12. apríl s. á. Þrátt fyrir það að ekki liggi fyrir fortakslaut mat læknis á vinnufærni stefnanda 8. mars 1996, verður að teljast líklegt í ljósi síðari skoðana og álits læknanna Stefáns Carlssonar og Konráðs Sigurðssonar, að ástand stefnanda hafi ekki verið betra þá en þegar síðari skoðun fór fram 27. mars s. á. og 12. apríl s. á. Gegn þessu hefur

stefnda ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi allt að einu verið vinnufær frá 8. mars s. á. að telja.

Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnanda hafi verið gefin fyrir-mæli um að framvísa læknisvottorði til skipstjóra eða stefnda. Þykir verða að skýra 3. mgr. 1.21. gr. kjarasamnings Landssambands íslenskra útvegs-manna og Sjómannasambands Íslands í samræmi við 5. mgr. 36. gr. sjó-mannalaga nr. 35/1985, þannig, að skylda sjómanns til öflunar og afhending-ar læknisvottorðs til útgerðar stofnist við ósk útgerðar þar að lútandi. Sam-kvæmt framangreindu verður það ekki virt stefnanda til sakar að framvísa ekki læknisvottorði til stefnda.

Stefnanda var ekki tilkynnt um brottrekstur hans með skriflegum hætti. Í bréfi Kristmundar Finnbogasonar fyrir hönd stefnda til lögmanns stefn-anda, dags. 3. apríl 1996, kemur fram, að samkvæmt upplýsingum skipstjóra hafi stefnanda verið sagt upp störfum 15. mars 1996. Síðan segir: „Ástæða uppsagnar var samstarfsörðugleikar, er Sæbjörn átti við aðra í áhöfn Sanda-fells.“ Í framburði skipstjóra fyrir dómi kom fram, að skipstjóri hefði tjáð stefnanda, að ástæða fyrirvaralausrar uppsagnar hans væri sú, að áhöfn mb. Sandafells vildi ekki, að hann kæmi aftur til starfa. Með því að leggja verð-ur til grundvallar, að ástæða fyrirvaralausrar uppsagnar stefnanda hafi verið samstarfsörðugleikar við aðra í áhöfn mb. Sandafells, verður þegar af þeirri ástæðu að hafna málsástæðum stefnda um, að lögmæti fyrirvaralausrar upp-sagnar verði reist á öðrum forsendum, s. s. ofbeldi, vímuefnaneyslu eða sakaferli stefnanda.

Í skriflegri aðilaskýrslu skipstjóra kemur fram, að stefnandi hafi verið ráðinn á mb. Sandafell 4. júlí 1994. Hann hafi frá upphafi verið iðulega í ósátt við einhvern af áhöfninni og uppstökkur við minnsta tækifæri. Stefn-anda var sagt upp störfum fyrirvaralaust 15. mars 1996 eða u. þ. b. 21 mán-úði síðar. Ekki er komið fram í málinu, að stefnandi hafi verið áminntur vegna hegðunar sinnar á þessu tímabili þrátt fyrir þetta. Uppsögn stefnanda varð átta dögum eftir, að stefnandi hafði átt í áflogum um borð í mb. Sandafelli. Eins og mál þetta er lagt fyrir dómara, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að hátterni stefnanda hafi verið með þeim hætti, að heimilt hafi verið að segja honum fyrirvaralaust upp störfum samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eða öðrum fyrirmælum laga. Sam-kvæmt þessu verða fyrirmæli 3. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 ekki til að skerða rétt stefnanda til veikindalauna.

Samkvæmt öllu framansögðu á stefnandi rétt til veikindalauna sam-kvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en í málinu er því ekki hald-ið fram, að sá réttur hafi fallið niður af þeim ástæðum, sem taldar eru upp í



lokaorðum 4. mgr. þess ákvæðis. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda veikindalaun frá 8. mars 1996 til 24. apríl s. á. Samkvæmt fram lögðu yfirliti frá stefnda hefðu veikindalaun stefnanda á því tímabili numið 698.809 kr., sem er í samræmi við stefnufjárhæð. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. apríl 1996 til greiðsludags. Með vísan til 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 verður staðfestur sjóveðsréttur í mb. Sandafelli, HF-82, fyrir tildæmdri fjárhæð.

Úrslit máls þessa réðust að verulegu leyti af gögnum, sem stefnandi lagði fram við aðalmeðferð þess og ekki var gerð grein fyrir í stefnu. Með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Ölöf Pétursdóttir dómstjóri kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Hvammsfell ehf., greiði stefnanda, Sæbirni Sigurðssyni, 698.809 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. apríl 1996 til greiðsludags.

Staðfestur er sjóveðsréttur í mb. Sandafelli, HF-82, fyrir tildæmdri fjárhæð.

Málkostnaður falli niður.

---